

Sp.

787. Tillaga til þingsályktunar

[204. mál]

um ráðstafanir til atvinnuaukningar.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram rannsókn á því fyrir næsta þing, hverjar ráðstafanir séu tiltækilegar til þess að bæta úr atvinnu-erfiðleikum þeirra landshluta, sem harðast hafa orðið úti vegna vaxandi rányrkju fiskimiðanna.

Greinargerð.

Til allshn. sameinaðs þings hefur verið vísað nokkrum tillögum um landhelgis-mál, en ríkisstjórnin hefur haft forustu í þeim málum og mun hafa þau til áfram-haldandi athugunar. Nefndin álitur því engan ávinning í því, að Alþingi geri sér-stakar ályktanir út af þeim málum. Enn fremur hefur nefndin haft til athugunar tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir vegna vaxandi rányrkju á fiskimiðum fyrir Vestfjörðum. Virðist henni ekki rétt að binda þær aðgerðir, sem tillagan fjallar um, við Vestfirði eina. Flytur nefndin því ofangreinda tillögu um almennar ráðstafanir í þessum málum, og er tillagan jafnframt frá nefndarinnar hendi afgreiðsla annarra tillagna um landhelgismál.